

# Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

Fundargerð 33. fundar verkefnahóps BsVest haldinn miðvikudaginn 23. október 2013 kl. 10:00.

Mætt voru Sif Huld Albertsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir og Margrét Geirsdóttir. Guðný Hildur Magnúsdóttir boðaði forföll og María Játvarðsdóttir, forfallaðist á síðustu stundu.

Samþykkt að fresta fundi til föstudags 25. október kl 9.00

Fundur settur að nýju, föstudag 25. október kl 9.00. Mætt voru Sif Huld Albertsdóttir, formaður, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Margrét Geirsdóttir og María Játvarðsdóttir, auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann einnig fundargerð.

1. Minnisblöð um fundi og ráðstefnur.

Verkefnastjóri kynnti minnispunkta af fundum sem hún hefur setið. Annars vegar fundu um framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks þann 14. október s.l., framkvæmdastjóri sat fundinn einnig auk félagsmálastjóra Ísafjarðarbæjar og Stranda og Reykhólahrepps. Hinsvegar ársfundur Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þann 17. október s.l. en þar var á dagskrá margþætt umræða um stöðu málefna fatlaðs fólks, m.a. með aðild fulltrúa Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. Fjárhagáætlunargerð 2013 og 2014.

Verkefnastjóri kynnti Jöfnunarsjóður hafi farið yfir öll erindi BsVest varðandi breytingar á þjónustu við einstaka þjónustuþega. Mat verkefnisstjóra er að fyrstu svör Jöfnunarsjóðs gæfu til kynna að framlag BsVest vegna ársins 2013 myndi að litlu leyti breytast frá sem fyrst var til og væntanlega yrði sama fjárhæð lögð til grundvallar fyrir árið 2014. Verkefnastjóri sagði þann fyrirvara þó á, að ráðgjafanefnd sjóðsins ætti eftir að fjalla um málið og mætti vænta niðurstöðu innan nokkurra daga.

Formaður og framkvæmdastjóri leggja til að fjárhagsáætlun 2013 verði endurskoðuð á grundvelli þessara niðurstöðu og hafin verði undirbúningur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014. Með þessu er þó ekki viðurkennt að hálfu BsVest að skipting framlaga verði með þessum hætti. Aðstæður til rekstur þjónustu á svæði BsVest er hærri af margþættum ástæðum sem yrði að fá viðurkenningu á.

3. Reglur um NPA. Samþykkt að vísa málinu til vinnufundar.

4. Erindi frá félagsþjónustusvæðum.

- a. María kynnti að í undirbúningi væru tvö mál frá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahreppi til BsVest og fór yfir forsendur þeirra. Málin hafa áður verið kynnt að hálfu forvera Maríu í starfi, Hildu Jakóbínu. Málin vísast til næsta verkefnafundar.

5. Önnur mál.

- a. Verkefnastjóri kynnti að á grunni 11. gr samkomulags ríkis og sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks, væri hafin viðtæk gagnaöflun frá þjónustusvæðum varðandi mat á yfirfærslu málaflokksins. Sem lið í slíku mati væri nú lagður spurningalisti fyrir þjónustusvæði BsVest og óskaði formaður eftir að félagsþjónustusvæðin svörðu þessum spurningum fyrir þann 8. nóvember

## Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

n.k.. Í framhaldinu yrðu þau svör tekin saman í eitt skjal sem yrði borið undir svæðin áður það yrði sent til baka.

- b. Elsa kynnti að hugað væri að nýrri búsetuþjónustu fyrir þjónustuþega, horft væri til haustsins 2014 til að hefja þessa þjónustu.
- c. Rætt um fyrirkomulag næsta vinnufundar, samþykkt að hann verði í Reykjanesi fyrir miðjan nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.00.